

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum þann 16.12.2015 í Selhótel-Mývatni.

Mætt voru: Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún María Valgeirsdóttir og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir fulltrúi kennara

Þetta gerðist:

1. Fjármálin, launaflokkar, launaprep og yfirvinna.
Skólameistari fór yfir málin.
Fram kom að rekstur skólans fer verulega fram úr áætlun á yfirstandandi ári, má það rekja til afturvirkra launagreiðslna að verulegum hluta og væntingar eru til þess að ríkið bæti við fjárframlög vegna þessa.
Þá kom fram að gera verður leiðréttingar á launaflokkum og launaprepum og einnig að skera niður yfirvinnu á næstu önn.
2. Faglegt starf, námsskrá og annað.
Fram kom hjá skólameistara að þessum lið verður að fresta fram yfir áramót
3. Uppgjör eininga á árinu 2015.
Hér kom fram að einingafjöldi er við viðmiðunarmörk.
4. Aðsókn á vorönn.
15 nemendur hætta nú um áramót, flestir hafa þá lokið stúdentsprófi. Inn koma 5 – 7 nýir og verða þá nemendur á vorönn rétt um 100.
5. Ríkisendurskoðun.
Borist hefur bréf til skólans frá ríkisendurskoðun þar sem farið er fram á ýmsar upplýsingar.
6. Húsnæðismál skólameistara..
Staðan er óbreytt hvað það varðar að skólameistari býr á heimavistarherbergi, en nú stendur honum til boða að leigja húsnæði til vors..
7. Önnur mál.
Ekkert bókað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19.15.